

Ár 1980, þriðjudaginn 22. janúar, var í málinu nr. 12/1979 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að hinn 23. janúar 1979 kærði Guðmundur Jónsson, eigandi kjallaraíbúðar í húsinu nr. 70 við Miklubraut, til Fasteignamats ríkisins út af fasteignamati íbúðarinnar, en það taldi hann of hátt. Niðurstaða úrskurðar Fasteignamats ríkisins frá 10. apríl 1979 varð hins vegar sú, að mat skyldi standa óbreytt.

Eigandi ofangreindrar fasteignar vildi ekki una úrskurða Fast- eignamats ríkisins og skaut málinu til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 1. júní 1979. Máli sínu til stuðnings hefur hann einkum vísað til óeðlilega hás mats kjallaraíbúðarinnar í samanburði við matsverð annarra íbúða í húsinu.


Athugun á þeim atriðum, sem máli skipta, þykir leiða í ljós, að mat umræddrar fasteignar hafi verið of hátt. Telst íbúðin hæfilega metin á samtals kr. 5.905.000.- og þar af hlutdeild í verðmæti lóðar kr. 352.000.-

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :


Ofangreind kjallaraíbúð að Miklubraut 70, eign Guðmundar Jónssonar, telst hæfilega metin í fasteignamatsskrá þeirri, er tók gildi 1. desember 1978, á kr. 5.905.000.-, þar af hlutdeild í lóðarréttindum kr. 352.000.-



Gaukur Jörundsson



Pétur Stefánsson.



Torfi Ásgeirsson.